

AUGLÝSING

um staðfestingu á stjórnunar- og verndaráætlun Ingólfshöfða, Sveitarfélaginu Hornafirði.

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, hefur umhverfis- og auðlindaráðherra staðfest stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Ingólfshöfða í Sveitarfélaginu Hornafirði. Einnig hefur ráðherra staðfest eftirfarandi reglur um dvöl og umferð sem settar hafa verið fram í stjórnunar- og verndaráætluninni í samræmi við 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013:

1. gr.

Tjöldun og næturgisting er óheimil innan friðlandsins, sbr. kafla 3.4.4.

2. gr.

Þyrlum og öðrum mönnuðum loftförum er óheimilt að lenda innan friðlandsins, nema að fengnu leyfi frá Umhverfisstofnun, sbr. kafla 3.8. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð nr. 60/1998 og reglugerð nr. 1185/2012.

3. gr.

Notkun ómannaðra loftfara er bönnuð nema með leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. kafla 3.8. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð nr. 60/1998 og reglugerð nr. 1185/2012.

4. gr.

Kvikmynda- og ljósmyndataka sem getur haft áhrif á lífríki friðlandsins er háð leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. kafla 3.4.3.

5. gr.

Lausaganga hrossa er óheimil innan friðlandsins, sbr. kafla 3.5.5. Aðeins er heimilt að ríða eftir skilgreindum vegslóða, sbr. kafla 3.5.5.

6. gr.

Hjólreiðar eru einungis heimilar á vegslóða, sbr. kafla 3.5.4.

7. gr.

Lausaganga gæludýra er óheimil, sbr. kafla 3.2.1.

Stjórnunar- og verndaráætlunin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 24. apríl 2019.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.